

AUGLÝSING

um að lög nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, skuli taka til Seyðisfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu.

Samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 29/1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið, að lög um atvinnuleysistryggingar skuli taka til Seyðisfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu.

Félagsmálaráðuneytið, 27. janúar 1967.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

27. janúar 1967.

Nr. 12.

AUGLÝSING

um vinnumiðlun í Seyðisfjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu.

Samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun, hefur félagsmálaráðherra ákveðið, að vinnumiðlun skuli starfrækt í Seyðisfjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu.

Um framkvæmd vinnumiðlunarinnar fer eftir lögum nr. 52/1956, um vinnumiðlun og reglugerð um vinnumiðlun nr. 130/1956.

Félagsmálaráðuneytið, 27. janúar 1967.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 13.

SNORRASJÓÐUR 1930

Ársreikningur 1966.

Eignir:

Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári	kr. 210 269.72
Aukning á árinu	— 4 357.11

Kr. 214 626.83

Skuldir:

Eignum sjóðsins er þannig varið:

Skuldabréf Siglufjarðarkaupstaðar	kr. 30 000.00
Innstæða í sparisjóðsbók í Búnaðarbanka Íslands	— 184 626.83

Kr. 214 626.83